

Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnессýslu  
Dalbraut 12  
840 Laugarvatn

Reykjavík 7. desember 2018  
UST201812-006/A.B.  
10.04.02

**Efni:** Breyting – Aðalskipulag Skeiða- og Gnúpverjahrepps - Kálfhóll

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Skeiða- og Gnúpverjahrepps er barst 3. desember sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar á tillögu að aðalskipulagsbreytingu á landnotkun á landinu Kálfhóli í Skeiða- og Gnúpverjahreppi.

Í greinargerð kemur fram landnotkun verður breytt á ofangreindu svæði úr frístundasvæði í íbúðarsvæði fyrir 5 lóðir á allt að 7 ha svæði. Sett verður inn staðsetning íbúðarsvæðis og landbúnaðarlands á skipulagsupprætti og frístundasvæðið fellt út.

**Íbúðarsvæði utan þéttbýlis**

Í greinargerð kemur fram að ástæða breytinganna er sú að á undanförnum árum hefur það færst í vöxt að eigendur frístundahúsa hafa óskað eftir því að hafa fasta búsetu í þeim. Að mati Umhverfisstofnunar er það heillvænlegar að uppbygging íbúðarhúsnaðis sé í þéttbýliskjörnum og íbúðarsvæðum sem nú þegar hafa verið skilgreind í sveitarfélagini í stað þess að staðsetja nýjar íbúðarbyggðir á grónu og ræktuðu landi víðsvegar um sveitarfélagið. Þá er verið, að mati stofnunarinnar að taka mið af kafla 2.1.1 í Landskipulagsstefnu þar sem fjallað er um sjálfbæra byggð í skipulagsáætlunum, en þar segir: „*Við skipulagsgerð sveitarfélaga verði miðað að því að styðja og styrkja samfélag viðkomandi byggðarlags með því að beina vexti að þeim kjörnum sem fyrir eru. Í dreifsbýli tengist fjölgun íbúða fremur búrekstri eða annarri staðbundinni landnýtingu eða atvinnustarfsemi.*“



Axel Benediktsson  
Sérfræðingur

Virðingarfyllst



Björn Stefánsson  
Sérfræðingur